



Reykjavíkurborg



Kelduskóli



# Söngleikja 7AN

- þróunarskýrsla -



<http://7an.appland.is>



Svanur Bjarki Úlfarsson og Rakel G. Magnúsdóttir

# Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Lýsing á verkefninu.....	3
Samantekt.....	4
Mat á verkefninu.....	4
Greinagerð um notkun styrkfjár.....	4
Kynning.....	5
Lokaorð.....	5
Myndir og umsagnir.....	6



# Inngangur

**Löng hefð** er fyrir því að setja upp **söngleiki í Kelduskóla-Korpu** og má finna umfjöllun um viðburðina í fjölmiðlum frá árinu 2002. Hinsvegar hefur **undanfarin sjö ár markvisst** verið settir upp söngleikir í skólanum og **taka allir nemendur þátt í sýningu á hverju ári**. Þannig tekur hver nemandi þátt í sjö sýningum, hann byrjar strax í 1.bekk og endar í 7.bekk.

Má segja að **söngleikirnir séu orðnir fastur liður** í starfi skólans. Áhuginn er mikill og á það ekki eingöngu við um skólasamfélagið sjálft heldur einnig nærsamfélagið.






Mikið hefur **safnast saman af efni** í tengslum við sýningarnar og er synd að leyfa ekki örum **að njóta afrakstursins**. Hugmynd kviknaði um að best væri að **setja upp aðgengilega heimasíðu** þar sem öllu efni væri skilmerkilega komið fyrir. Því var næsta skrefið að sækja um styrk til að **standa undir kostnaði** við þá vinnu.

**Markmið** þessa verkefnis er því **að gera heimasíðu** undir merkinu **Söngleikja 7an**. **Setja inn efni sem gangast nemendum** sem eru að fara að taka þátt í söngleik, **foreldrum** sem hafa áhuga á að styrkja börn sín og **öðrum skólum** sem hafa hug á að efla söng-, tón- og leiklist í sínu námi.

## Lýsing á verkefninu – skipulag, umfang og framkvæmd

**Söngleikja 7an** er verkefni sem búið er að vera í **stöðugri þróun** í Kelduskóla-Korpu. Allir nemendur skólans taka þátt í einni sýningu á hverju skólaári.

Skipulagið er eftirfarandi:

- **Bjartasta stjarnan** → 1.bekkur + 6.bekkur + 7.bekkur 
- **Ævintýri í Maraborg** → 2.bekkur + 3.bekkur 
- **Ávaxtakarfan** → 3.bekkur + 2.bekkur 
- **Ronja Ræningjadóttir** → 4.bekkur + 5.bekkur 
- **Fjársjóðseyjan** → 5.bekkur + 4.bekkur 

**Söngleikja 7an** hefur **vakið athygli** víða og margir verið með fyrirspurnir og áhuga á að taka upp svipað skipulag. **Mikið er til af efni** í Kelduskóla-Korpu sem gætu **nýst öðrum** skólum og því var ákveðið að koma því í **aðgengilegt form** og setja það á sér heimasíðu.

Heimasíðan mun ekki síður vera **foreldrum, nemendum og kennurum gagnleg**. Hún mun auðvela nemendum að æfa sig heima og foreldrum að aðstoða börn sín.

**Framkvæmd og umfang** verkefnisins fólst í því meðal annars að **fara yfir allt efni, flokka það og yfirfara**. **Textar** voru settir upp í aðgengileg pdf skjöl þannig að auðvelt væri að prenta þá út. **Undirspil** var endurunnið í GarageBand. Það kom í ljós að **myndbönd og ljósmyndir** voru frekar lélagar, þannig að markvisst á að fara í þá vinnu að taka upp sýningar fyrir vefinn og vera með það í góðum gæðum.

**Heimasíðan** <http://7an.appland.is> var hönnuð utan um þetta verkefni og efnið er sett þar inn jafnóðum og búið er að vinna það.

Verkefnið er **enn í vinnslu** og mun aftur vera sótt um í þróunarsjóð Skóla- og frístundaráðs um framhaldsstyrk til að standa straum af kostnaði.

## Samantekt – gagnsemi fyrir aðra

Eins og komið er fram þá mun síðan **nýtast þeim** sem hug hafa á að **efla söng-, tón- og leiklist** í sínu skólasamfélagi. Ekki þarf að vera að finna upp hjólið heldur er **hægt að ganga að efnivið** á heimasíðu Söngleikja 7unni og **hefjast handa**. Alltaf fer þó fram **ákveðin hugmyndavinna og sköpun** þar sem **aðlaga** þarf hverja sýningu að þeim **nemendum sem taka þátt**, þannig fá **allir að vera virkir** í sinni sköpun og námi.

Jafnframt er heimasíðan alveg **kjörin fyrir foreldra** Kelduskóla-Korpu sem **vilja styðja við nám barna** sinna í söng- tón- og leiklist. Þar geta þeir **náð í þau gögn** sem falla undir þann söngleik sem barn þess tekur þátt í og veitt barni sínu **stuðning og hvatningu**.

**Nemendur** sem eru að undirbúa söngleik geta á heimasíðunni **náð í öll gögn** hvar sem er og hvenær sem er. Það er til dæmis gott að geta **náð í söngtextann og nota undirspilið** þegar verið er að æfa sig, svo eitthvað sé nefnt.

## Mat á verkefninu

**Ekkert formlegt mat** hefur farið fram á verkefninu og lítil reynsla enn komin, þar sem **vinnan hefur tekið** mun lengri tíma en áætlað var í upphafi. **Þó er farið að heyra** að kennarar í öðrum grunnskólum **bíði spenntir** eftir því að hafa aðgang að heimasíðunni.

Þegar **mikið er til af efni** þá tekur það jafnframt **lengri tíma** að vinna úr því. Það var raunin í þessu verkefni og þar sem **styrkurinn var lægri** en tilstjóð, þá er hugmyndin að sækja um **framhaldsstyrk** til að ljúka við vinnslu gangna og setja þau á heimasíðuna.

## Greinargerð um notkun styrkfjár

Upphaflega var sótt um styrk að upphæð kr.980.000, en úthlutun styrksins var kr.500.000. Þar sem vinnan var mun meiri en við áætluðum í upphafi og styrkurinn lægri þá hyggjumst við sækja um framhaldsstyrk á næsta vetri.

Styrkurinn fór í laun vegna vinnu við gögn og heimasíðugerð. Gagnavinnslan var í höndum Svans Bjarka Úlfarssonar og heimasíðugerðin unnin af Raket G. Magnúsdóttur.

# Kynning

Formleg kynning hefur ekki farið fram þar sem verkinu er ekki lokið. Hins vegar er **stefnt á** það að kynna það sem komið er **á heimasíðu Kelduskóla** nú í apríllok. **Foreldrar og nemendur** munu einnig fá kynningu á sama tíma.

Þegar **efnið um alla söngleikina** eru komið **inn á heimasíðuna** hjá Söngleikja 7unni mun fara af stað **formleg kynning**. Hugmyndin er að fara koma **umfjöllun inn í Skólavörðuna**, rit Kennarasambands Íslands. Jafnframt verður kynning fyrir nýja foreldra og nemendur.

Þegar fram líða stundir er ætlunin að vera með **fréttatilkynningar** um **framgang hvers söngleiks** á hverju ári þannig að **próunin verði sýnileg**.

# Lokaorð

Við **þökkum Skóla- og frístundaráði** fyrir að styrkja okkur þannig að við **gátum lagt af stað** með að gera þetta **metnaðarfulla verkefni**, sem Söngleikja 7an er, sýnilegt og nýtilegt öðrum. Við erum jafnframt vongóð um að geta sótt um styrk aftur **til að geta lokið** því sem hafið er.

Málið er að þegar farið er að **skoða allt það efni** sem safnast hefur undanfarin ár þá kemur í ljós hvað mikill **fjársjóður liggur grafinn** í þessu. Von okkar er að aðrir geti fengið tækifæri til að **nýta sér þessa dýrmætu reynslu** og þann efnivið sem búið er að vinna.

Í lokin viljum við benda á og ítreka að skoða heimasíðu Söngleikja 7unnar sem er <http://7an.appland.is>

-----  
Svanur Bjarki Úlfarsson  
tónmenntakennari við Kelduskóla

-----  
Rakel G. Magnúsdóttir  
stundakennari við Kelduskóla



### FJÁRSJÓÐSEYJAN



### ÁVAXTAKARFAN



### RONJA RÆNINGJADÓTTIR



## BJARTASTA STJARNAN



## ÆVINTÝRI Í MARAÞARABORG

### Umsagnir frá foreldrum

„Það er alltaf jafn gaman að fá að njóta söngleikjanna sem settir eru upp í skólanum. Ég hef komið á þá alla nokkrum sinnum og er alltaf jafn spennt. Kennarar, krakkar og aðrir sem að þessu koma eiga hrós skilið fyrir vel unnin verk.  
Takk kærlega fyrir mig.“

Guðlaug

„Strákurinn minn tók merkjanlegum framförum í lestri við undirbúning á hlutverki sínu sem sögumaður í síðasta söngleik.“

Davíð

„Það er svo dásamlegt að sjá krakka sem maður á síst von á blómstra uppi á sviði. Feimna stelpan sem söng þarna allt í einu og eins og engill. Óþekki strákurinn kom á óvart sem frábær leikari. Ég fyllist alltaf trú á mannkynið þegar ég geng brosandi út í daginn að sýningu lokinni.“

Olga

„Það ríkir tilhlökkun á hverju einasta ári eftir söngleik í Korpu. Börnin að taka þátt og foreldrarir að horfa.

Þetta er yndisleg hefð og mikill metnaður í söng og leik.“

Inga Dóra

